

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

##### Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1322/2019 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 2. gr.

##### Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði:

##### Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	37.546 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	8.774 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (græntunna)	5.243 kr.
Plast 240 l ílát (blátunna)	5.243 kr.

##### Losunartíðni:

Grátunna: söfnun á 28 daga fresti.

Brúntunna: söfnun á 28 daga fresti.

Blátunna: söfnun á 28 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 28 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótaríláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát.

Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 4.000.

#### 3. gr.

##### Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 31.191 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 20.821 kr.

Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki) 45.197 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m<sup>3</sup>.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 10 skipti á ári, fyrir samtals 2,5 m<sup>3</sup>.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m<sup>3</sup>.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð og miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsettt er.

#### 4. gr.

##### Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttöku-

gjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöðvar Bláskógabyggðar. Virðisaukaskattur er innifalinn í móttökugjaldinu.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi er 7.300 kr.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 11. desember 2024. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1610/2023 vegna meðhöndlunar úrgangs í Bláskógabyggð.

*Bláskógabyggð, 20. desember 2024.*

**Ásta Stefánsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 9. janúar 2025